# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 21

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reikjavík 27. april 1909.

Hjermeð vil jeg spirja háttvirta biggingarnefnd Reikjavíkur kaupstaðar, hvort nokkuð muni vera því til firirstöðu, að jeg biggi til bráðabirgða grunnlaust vagnskíli úr bárujárni 5½ x 2¾ al. og um 3 al. hátt niðst á lóð minni ofan við íbúðarhús mitt í Tjarnargötu.

Virðingarfillst
Björn Ólafsson
augnalæknir

Bref. 24/4 og 1/5 '09
By. 8

Til
biggingarnefndar Reikjavíkur kaupstaðar.

B. Rvk. 255/1909 By. 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 30. apríl 1909.

Hjermeð leyfi jeg undirrituð mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd, að hún veiti mjer leyfi til að gjöra þá breitingu á húsi mínu nr. 22ª við Laugaveg, sem sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti.

Breitingin er í því fólgin, að í staðinn fyrir dyr er snúa út að Klapparstíg kemur gluggi, og að jeg ætla að láta innrjetta 3 herbergi úr plássi sem hingaðtil hefur fylgt búðinni sem geymsla, ennfremur ætla jeg mjer að setja glugga að austanverðu við dyrnar sem eru á suðurhlið hússins.

Virðingarfyllst
Ingveldur Kjartansdóttir

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 254/1909 B I 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér undirritaður að gefa hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur til kynna; að eg hef sett inn girðinguna á lóðarblettinum að lóð minni við Vesturgötu 48. Girðingin hefur staðið fast upp að götunni en nú hef eg sett hana inn á lóðina í beina línu við húsahliðina. Við þetta hefur hin umgirta lóð mín minnkað um fullar 60 □ alnir. En þar sem eg keypti húsið með þessari umgirtu lóð eins og hún hefur verið. Þá leyfi eg mér að fara þess á leit að hin háttvirta bæjarstjórn borgi mér þessa áminnstu lóðarræmu sem eg hef nú lagt til götunnar og gjört þetta bæjarsjóði alveg að kostnaðarlausu og jafnað og sléttað til ofan að girðingunni aftur.

Eftir þeirri umferð sem nú er orðin um Vesturgötu var nauðsynlegt að gatan héldi sinni tilætluðu breidd, fyrir utan hvað það mikil óprýði á götunni sem annars er bein að þessi Girðingar krókur gengi fast upp að henni langt frá hinni stefnu við húsahliðina.

Eg skal jafnframt geta þess að eg gjöri mig ánægðan með að fá 0,40 aura fyrir □ al. og vona eg að háttvirt bæjarstjórn finnist þetta mjög sanngjarnt og verði við ósk minni.

Reykjavík 10 April 1909

Edilon Grímsson

B. Rvk. 256/1909 Bý. 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bergstaðastræti



Ég undirskrifaður leifi mér, virðingarfillzt, að biðja hina heiðruðu Byggingarnefnd um leyfi: að byggja Smiðju 6 og 4 ál. innan girðingar á Holtastaðalóðinni.

Holtastöðum við Bergstaðastræti
26 April 1909.

E. Magnússon.

Til

Byggingarnefndarinnar
[illegible] 257 / 1909 í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að bydja hina háttvirtu
byggingarnefnd Reykjavikur um leyfi til að
breita smíðahúsi sem stendur á lóð minni á Berg-
staðastíg № 9. hjer í bænum í íbúðarhús. Uppdrátt-
ur af lóð minni og húsum sem hjermeð fylgir
sýnir nánara fyrirkomulag það sem jeg hefi
hugsað mjer. Sömuleiðis leyfi jeg mjer að biðja
um undanþágu með byggingu á brandgafli
um leið og húsinu væri breitt, þar sem jeg
get ekki sjeð að það komi í bága við nágranna
lóðina sem er eign herra Þorgeirs Pálssonar.
Á uppdrættinum er lóð Þorgeirs sýnd
með húsi því er á henni stendur og hefur
hús hans verið sett aðeins 3 ál. frá lóð
minni. Aptur á móti vil jeg skuldbinda
mig til að kosta brandgafl ef bygging
kæmi á lóð Þorgeirs Pálssonar 5 áln.
frá lóð minni, ef þess verður krafist.
Jeg skal leyfa mjer að geta þess
að jeg hefi reynt að fá keypta
lóðarræmu af herra Þorgeiri Pálssyni
í viðbót við mína lóð en hef fengið
afsvar hjá honum.

B. Ri[illegible]

252
1909

By[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framanritaða beiðni mína óska jeg hin háttvirta bygginganefnd afgreiði á næsta bygginganefndarfundi.

Rvík, Lindargötu 8. B. 29. apr. 1909.

Virðingarfyllst
Magnús Steindórsson

Til
byggingarfulltrúans
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti vil jeg leyfa mjer að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd að gefa samþykki sitt til að jeg megi láta breyta verkstæði sem stendur við íbúðarhús mitt á Bergstaðastræti 9. í íbúð og að jeg mætti láta smíða skúr við húsið eptir uppdrætti þeim er umgetur hjer að ofan.

Jeg óska að fá að vita sem allra fyrst hvort leyfi þetta getur fengist.

Lindargötu 8.B. 10 april 1909.

Magnús Steindórsson

Til
byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Rvk. 251/1909 Br. 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermed leifi jeg mjer undirskrifaður að biðja hina háttvirtu biggingarnefnd Reykjavíkurbæjar svo vel gjöra og mæla mjer út á lóð minni við Hverfisgötu nr. 26. undir Hús sem er að stærð 12 × 12 álnir en það sem á að vera Skósmiða verkstæði í suður hlið og búð í norður hlið. og óska jeg helst að Húsið mætti standa við Hverfisgötu eftir sömu línu og Ibúðar hús mitt. en fáist það ekki þá að jeg fái að vita hvað lángt frá götu jeg þarf að vera. þessa mína beiðni óska jeg að fá afgreidda við firsta tækifæri

með virðingu

Reykjavík 29 April 1909

Björn Jónsson

Til Biggingarnefndar Reykjavíkur

Uppdráttur filgir

B. Rvk. 255/1909 Byg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndar Rvíkur
1. maí '09

Ár 1909 laugardaginn 1. maí kom byggingarnefndin saman á fund og fór það þannig fram:

1. Hannesi Hafstein f. ráðherra leyft að reisa íbúðarhús á lóð, er hann kaupir, austan Tjarnargötu sunnan lóðar þeirrar, er þeim megin götunnar fylgir ráðherrabústaðnum. Lóðin 35 al meðfram götunni og standi húsið 5 álnir frá nyrðri mörkum og 5 álnir frá götunni sinn og hún er nú vegna fyrirhugaðrar breikkunar. Húsið er úr timbri, 16° x 19° tvíloptað.
2. Ediloni Grímssyni býður bænum til kaups 80 ferálna ræmu við Vesturgötu 48, sunnan til af lóðinni. Byggingarnefndin ræður til, að ræman sje keypt því verði, sem upp er sett 80 x 0,40 kr. = kr. 32.00.
3. Einari Magnússyni á Holtastöðum við Bergsta... leyft að gera smiðju 6° x 4° innan girðingar á Holtastaðalóðinni.
4. Magnúsi Steindórssyni Lindarg. 8 B leyft að breyta verkstæðishúsi við íbúðarhús hans Bergst.str. 9 í íbúðarhús, – með þeim skilyrðum, að hann leggi fram skriflegar yfirlýsingar nágrannanna er hlut eiga að máli, um að þeir fyrir sitt leyti samþykki að húsið megi vera eldvarnaveggjarlaust, með því að það er of nærri mörkunum. Skulu yfirlýsingar þessar þinglesnar á kostnað umsækjanda, sem hvatir á nágrannalóðunum.

Skúr leyfist honum o... að gera á lóðinni með eldvarnarvegg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Birni Ólafssyni augnlækni synjað um leyfi til að reisa grunnlaust bráðabirgðaskýli úr járni fyrir vagna nyrst á lóð hans í Tjarnargötu.

6. Birni Jónssyni skósmið Hverfisg. 26 synjað um leyfi til að reisa 12° x 12° einlofta íbúðarhús á nefndri lóð hans, með því að of skammt verður milli húsanna samkv. 14 gr. byggingarsamþ.

7. Ingveldi Kjartansd. leyft að gera glugga á dyrastað og gera 3 herbergi úr geymsluplássi í húsi hennar Laugav. 22A. En byggingarnefndin kærir til sekta smið þann er fyrir breytingum þessum með því að hann hefir byrjað verkið áður en leyft var.

9. Jóhannes Lárusson sækir um undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþ. um bil milli húsa og eldvarnarveggi, að því er kemur til húseignanna Hverfisg. 18 A. B. og C, sbr. fundargerð 27. marz síðastl., 9 atr. Húsið 18 C. stendur 3 álnir frá öðrum og ber hann fyrir sig, að hann fái ekki með neinu móti kaup á lóðarræmu til viðbótar hjá eigendum húseignanna 18 a og 18 b. Áður en byggingarnefndin tekur ákvörðun um þetta mál óskar hún skriflegrar yfirlýsingar hlutaðeigandi lóðareiganda um að þeim sje lóðin ekki útföl og að öðru leyti er byggingarfulltrúa falið að rannsaka mál þetta fyrir næsta fund.

10. Byggingarnefndin óskar viðbendingar bæjarstjórnar um það hvort byggingarnefnd eða óvilhallir menn dómkvaddir skuli meta eftirleiðis lóðir sem teknar eru undir götur ef samkomulag næst eigi við eigendur lóðanna.

Allir á fundinum nema Kn. Zimsen. Rögnv. Ólafsson fór á undan 10. málinu.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinn Jónsson

Kristján Þorgrímsson

Jón Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að beiðast þess, að hinni háttvirtu byggingarnefnd mætti þóknast að veita mjer leyfi til þess að byggja hús, 16×19 álna, á Melkotstúni neðan Tjarnargötu, sunnan við lóð þá neðangötu, er ráðherrahúsinu fylgir. Húsið á að vera íbúðarhús, með miðstöðvarhitun, og gjörast samkvæmt meðfylgjandi teikningum, sem herra arkitekt Rögnvaldur Ólafsson hefur gjört. Uppdráttur af lóðinni fylgir hjer með.

Reykjavík, 1. maí 1909

H. Hafstein.

Til

B. Rvk. 250/1909 B×8

Byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til hinnar heiðruðu
Byggingarnefndar í Reykjavík

Undirritaður leyfir sér hérmeð að biðja hina heiðruðu Byggingarnefnd að sýna þann velvilja að leyfa að suðurveggur og norðurveggur á skóla=húsi því sem verið er að byggja í Sandakoti megi vera 1 alin og 20 þumlungar hærri en fyrst var gert ráð fyrir.

Með mikilli virðingu

H. Mütenberg

Reykjavík 24 apríl 1909

B. Rvk 258/1909 B V 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

af fundargjörð bygginganefndarinnar 24. apr. '09

Ár 1909 kom bygginganefndin saman á fund og gerðist þar það, er hjer segir.

1. Hjörtur trjesmíðameistari Hjartarson mætti á fundinum fyrir hönd hlutafjelagsins "Völundur" og fer þess á leit, að fá að gera ýmsar tilteknar breytingar á húsinu Laugav. 1 b. [illegible]. Völundur er orðinn eigandi að og býr nú við. Voru breytingar þær leyfðar, þannig að hliðargluggar 3. gólfs sjeu uppi á þaki.
2. Bertelsen konsúl leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr timbri með mansard þaki. Húsið á að standa á fjelagstúni og á að vera á lengd 16,2 m, breiddin á 6 m, hafla um miðju 11,9 m, en á 5,1 m lengd á hvorum enda 3,3 m. Við framhlið hússins er sólbyrgi opið 6,5 m á lengd og 1.9 m á breidd.
3. Meulenberg höfuðpresti í Landakoti leyft að hækka hliðvegg skólans, sem þar er verið að byggja, um 1 al. 20"; húsið að öðru leyti svo sem markað, óbreytt.

Fleira ekki fyrir tekið

Allir á fundi nema K. Zimsen

Fundi slitið

Páll Einarsson

Rögnv. Ólafsson

Kristján Þorgrímsson

Sveinn Jónsson

Jón Jensson    Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur